

## AUGLÝSING

um friðlýsingu Bakkatjarnar á Seltjarnarnesi og næsta nágrennis

Að tillögu [Umhverfisstofnunar] og samkvæmt samþykki bæjarstjórnar Seltjarnarness hefur umhverfissráðherra ákveðið að friðlýsa Bakkatjörn og næsta nágrenni sem friðland í samræmi við 53. gr. laga nr 44/1999 um náttúruvernd.

Markmið friðlýsingarinnar er að vernda tjörnina og lífríki hennar ásamt aðliggjandi votlendi og valllendi. Bakkatjörn er strandvatn en ós tjarnarinnar var lokað um 1960. Á og við Bakkatjörn er fjölskrúðugt fuglalíf. Bakkatjörn er strandtjörn, grunn og lífrík um 14 ha að flatarmáli. Bakkatjörn og umhverfi hefur vegna legu sinnar innan þéttbýlis mikið útivistar- og fræðslugildi.

Mörk svæðisins eru: Bakkatjörn og nánasta umhverfi er afmarkast innan stíga að vestan-, norðan- og austanverðu við tjörnina og að veglínu Suðurstrandar að sunnanverðu við tjörnina, sbr. meðfylgjandi uppdrátt.

*Um friðlandið gilda eftirfarandi reglur:*

1. Mannvirkjagerð og aðrar breytingar á landi eru háðar leyfi [Umhverfisstofnunar] og bæjarstjórnar Seltjarnarness.
2. Almenni er heimil för um svæðið í lögmætum tilgangi enda sé góðrar umgengni gætt.
3. Á varptíma, 1.maí til 1. júlí, er umferð um friðlandið næst Bakkatjörn takmarkað.
4. Umferð með lausa hunda er óheimil í friðlandinu.
5. Fuglaveiðar í friðlandinu eru óheimilar svo og meðferð skotvopna. Eyðing meindýra er heimil með leyfi umhverfisnefndar Seltjarnarness.
6. Losun jarðefna, rusls eða sorps er óheimil í friðlandinu.
7. Bæjarstjórn Seltjarnarness, að höfðu samráði við [Umhverfisstofnun], sér um nauðsynlegar aðgerðir til að almenningur geti notið hins friðlýsta svæðis, svo sem með lagningu göngustíga og uppsetningu fræðsluskilta þar sem því verður við komið.

Umhverfisnefnd Seltjarnarness hefur umsjón og eftirlit með friðlandinu í umboði [Umhverfisstofnunar] og bæjarstjórnar Seltjarnarness. Gera skal sérstakan samning þar að lútandi sem umhverfissráðherra staðfestir.

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

Umhverfissráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni sem tekur gildi við birtingu auglýsingarinnar í Stjórnartíðindum.

Umhverfissráðuneytinu, 30. nóvember 2000

Siv Friðleifsdóttir

---

Sigurður Á. Þráinsson